Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

# DAGSKRÁ

## 20.maí – 10.sept. 2008

## Velkomin í þjóðgarðinn Snæfellsjökul!

Tjaldstæði eru ekki innan þjóðgarðsins en gangandi og hjólandi ferðalöngum er velkomið að tjalda til einnar nætur – Virðum náttúruna, styggjum ekki fugla, hlífum gróðri og minjum, tökum með okkur allt rusl, ökum ekki utan vega. Þökkum tillitssemina.

Símar 436 6860/436 6888, netfang snaefellsjokull@ust.is, www.ust.is




## Gestastofa á Hellnum

Gestastofa þjóðgarðsins á Hellnum er opin alla daga frá 20. maí til 10. september frá **kl. 10-18**. S. 436 6888.

# Sérferðir og atburðir

Auk reglubundinnar dagskrár er boðið upp á ýmsa viðburði, göngur og náttúruskoðunarferðir undir leiðsögn landvarða og annarra sérfræðinga. Þær eru öllum opnar og gestum að kostnaðarlausu.

## Er rebbi heima? Heimsókn að refagreni

Sunnudaginn 8. og laugard. 14. júní kl. 14. Farið verður að refagreni með leiðsögn Sæmundar Kristjáns-sonar. Staðsetning auglýst síðar. **2 klst.**

### Viltu læra að lesa blóm? Dagur villtra blóma 15. júní

Sunnudagurinn 15. júní er Norrænn dagur villtra blóma og verður af því tilefni blómaskoðunarferð við Rauðhól kl. 14 þar sem gestum verður leiðbeint um notkun plöntuhandbóka og sagt frá þjóðtrú tengdri plöntum. **2 klst.**

### Sumarsólstöðuganga á Snæfellsjökul 20. júní

Á sumarsólstöðum verður miðnætur-ganga á Snæfellsjökul. Gengið verður frá Jökulhálsi og hefst gangan kl. 21. Leiðsögn verður í höndum Snævarrs Guðmundssonar fjallaleiðsögumanns. Hafið með ykkur nesti og hlý föt, legghlífar mjög æskilegar og gott að hafa með sér göngustafi. **4-6 klst.**

### Helgiganga á Jónsmessu

Tveggja daga helgiganga þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Ingjaldshólskirkju. Fyrri daginn 23. júní er gengið frá rústum bæjarins að Saxhóli um Prestahraun eftir farbæn við Saxhól kl. 19:30 og lýkur göngunni um 2:30 við Ingjaldshólskirkju með klukknahring-ingu og stuttri helgistund.

Seinni gangan hefst á Jónsmessunni 24. júní við Einarslón kl. 16 og lýkur við Hellnakirkju með næturmessu um kl. 22:30. Leiðsögumenn verða Dr. Pétur Pétursson og Sæmundur Kristjánsson. Hist við bílastæði við Djúpalónssand kl. 15:30.

### Ströndin eins og hún leggur sig!

Í sumar verður haldið áfram að ganga eftir endilangri strönd þjóðgarðsins með fróðu leiðsögufólki. Þrír áfangar voru gengnir í fyrrasumar og áformað að ljúka göngu með ströndinni í sumar í þrem áföngum.

**Laugardaginn 7. júní í kl. 11**
Þórðarklettur-Skálasnagi. Fuglar og saga. Leiðsögumenn verða þeir Sæmundur Kristjánsson og Tómas Gunnarsson. Hist við afleggjarann út á Öndverðarnes. **5-6 klst.**

**Fimmtudaginn 3. júlí kl. 19**
Beruvík-Hólavogur. Söguferð. Leið-sögumaður Sæmundur Kristjánsson.

**3-4 klst.**

**Laugardaginn 16. ágúst kl. 11**
Djúpalónssandur-Sunneva. Fjörulíf og saga. Sunneva er við þjóðgarðsmörk að sunnanverðu. Leiðsögumenn verða Sæmundur Kristjánsson og Erla Björk Örnólfsdóttir. **5-6 klst.**

### Lífið í fjörunni

Í sumar og haust verða farnar 4 fjöruferðir í samstarfi við Sjávar-rannsóknarsetrið Vör og fylgst með þróun lífríkis með athugunum og mælingum. Nánar auglýst síðar. Verkefnið er styrkt af Sparisjóði Ólafsvíkur.

# Vikuleg dagskrá Þjóðgarðsins
## 28. júní – 14. ágúst 2008

Í Þjóðgarðinum bjóða landverðir upp á fjölbreytta dagskrá. Dagskráin er öllum opin og er gestum að kostnaðarlausu. Göngur eru jafnan auðveldar.

## GAMAN SAMAN - kl. 11 – 12 laugardaga

### BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTUND á Arnarstapa.

Landverðir taka á móti börnum alla laugardaga kl. 11 við Arnarbæ á Arnarstapa og rannsaka með þeim náttúruna, segja sögur, fara í leiki og margt fleira skemmtilegt. Barnastundir eru miðaðar við börn 6-12 ára. Foreldrum er velkomið að taka þátt með börnum sínum. **1 klst.**

## GÖNGUFERÐIR MEÐ LEIÐSÖGN

### UNDRASMÍÐ NÁTTÚRUNNAR- Laugard. kl. 14, Arnarstapi-Hellnar.

Gestir hitta landverði við útsýnispall yfir höfnina á Arnarstapa. Gengið meðfram ströndinni og klettarnir og fuglalífið skoðað. Gangan endar á Hellnum þar sem hægt er að fá sér kaffisopa, skoða gestastofu þjóðgarðsins og rölta svo til baka. **1-2 klst.**

### FÓLKIÐ OG FLÓRAN - Sunnudagar kl. 14, Búðir – Frambúðir.

Gestir hitta landverði við Búðakirkju kl. 14. Auðveld ganga í gegnum blómaskrúð og hraunmyndanir að Frambúðum þar sem minjar eru um útgerð fyrri tíma. Gangan endar á innliti í Búðakirkju. Þeir sem vilja geta fengið tilsögn um göngu að Búðakletti. **1-2 klst.**

### LÍFIÐ Í BJARGINU - Þriðjudagar kl. 14, Svalþúfa – Lóndrangar.

Landverðir taka á móti gestum hjá bílastæðinu við Svalþúfu. Rölt er fram á Þúfubjarg þar sem Kolbeinn og kölski kváðust á forðum. Í bjarginu er mikið fuglalíf og stundum lætur tófan sjá sig á þessum slóðum. Gengið að Lóndröngum en þar eru minjar um vermennsku fyrri tíma. **1 klst.**

### VERBÚÐALÍF - Fimmtudagar kl. 14, Djúpalónssandur - Dritvík.

Gestir hitta landverði við bílastæðið á Djúpalónssandi. Gengið um Djúpalónssand og í Dritvík og minjar einnar stærstu verstöðvar landsins skoðaðar. **2 klst.**

# Viðburðadagatal þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2008

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Þriðjud.** | **20.maí** | **Kl. 10-18** | **GESTASTOFA Á HELLNUM OPNAR - OPIN ALLA DAGA TIL 10. SEPT.** | |
| **Laugard.** | **7.júní** | **Kl. 11-16** | **Strandganga. Fuglar og saga. Þórðarklettur-Skálasnagi** | **4-5 klst.** |
| **Sunnud.** | **8.júní** | **Kl. 14-16** | **Refaskoðunarferð – Staðsetning auglýst síðar** | **2 klst.** |
| **Laugard.** | **14.júní** | **Kl. 14-16** | **Refaskoðunarferð – Staðsetning auglýst síðar** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **15.júní** | **Kl. 14-16** | **Viltu læra að lesa blóm? Dagur villtra blóma. Við Rauðhól** | **2 klst.** |
| **Föstud.** | **20.júní** | **Kl. 21-02** | **Sumarsólstöðuganga á Snæfellsjökul** | **4-6 klst.** |
| **Mánud.** | **23.júní** | **Kl. 19:30** | **Helgiganga á Jónsmessu. Saxhóll-Ingjaldshóll** | **7 klst.** |
| **Þriðjud.** | **24.júní** | **Kl. 16** | **Helgiganga á Jónsmessu. Einarslón-Hellnar** | **6-7 klst.** |
| | | **Kl. 22:30** | **Messa í Hellnakirkju að lokinni Helgigöngu** | **1 klst.** |
| **Laugard.** | **28.júní** | **Kl. 11-12** | **Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa** | **1 klst.** |
| | | **Kl. 14-16** | **Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **29.júní** | **Kl. 14-16** | **Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir** | **1-2 klst.** |
| **Þriðjud.** | **1. júlí** | **Kl. 14-15** | **Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalþúfa-Lóndrangar** | **1 klst.** |
| **Fimmtud.** | **3. júlí** | **Kl. 14-16** | **Verbúðalíf – Gönguferð Djúpalónssandur-Dritvík** | **2 klst.** |
| **Fimmtud.** | **3. júlí** | **Kl. 19** | **Strandganga. Söguferð. Beruvík-Hólavogur.** | **3-4 klst.** |
| **Laugard.** | **5.júlí** | **Kl. 11-12** | **Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa** | **1 klst.** |
| | | **Kl. 14-16** | **Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **6.júlí** | **Kl. 14-16** | **Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir** | **1-2 klst.** |
| **Þriðjud.** | **8. júlí** | **Kl. 14-15** | **Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalþúfa-Lóndrangar** | **1 klst.** |
| **Fimmtud.** | **10. júlí** | **Kl. 14-16** | **Verbúðalíf – Gönguferð Djúpalónssandur-Dritvík** | **2 klst.** |
| **Laugard.** | **12.júlí** | **Kl. 11-12** | **Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa** | **1 klst.** |
| | | **Kl. 14-16** | **Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **13.júlí** | **Kl. 14-16** | **Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir** | **1-2 klst.** |
| **Þriðjud.** | **15.júlí** | **Kl. 14-15** | **Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalþúfa-Lóndrangar** | **1 klst.** |
| **Fimmtud.** | **17.júlí** | **Kl. 14-16** | **Verbúðalíf – Gönguferð Djúpalónssandur-Dritvík** | **2 klst.** |
| **Laugard.** | **19.júlí** | **Kl. 11-12** | **Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa** | **1 klst.** |
| | | **Kl. 14-16** | **Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **20.júlí** | **Kl. 14-16** | **Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir** | **1-2 klst.** |
| **Þriðjud.** | **22.júlí** | **Kl. 14-15** | **Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalþúfa-Lóndrangar** | **1 klst.** |
| **Fimmtud.** | **24.júlí** | **Kl. 14-16** | **Verbúðalíf – Gönguferð Djúpalónssandur-Dritvík** | **2 klst.** |
| **Laugard.** | **26.júlí** | **Kl. 11-12** | **Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa** | **1 klst.** |
| | | **Kl. 14-16** | **Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **27.júlí** | **Kl. 14-16** | **Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir** | **1-2 klst.** |
| **Þriðjud.** | **29.júlí** | **Kl. 14-15** | **Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalþúfa-Lóndrangar** | **1 klst.** |
| **Fimmtud.** | **31.júlí** | **Kl. 14-16** | **Verbúðalíf – Gönguferð Djúpalónssandur-Dritvík** | **2 klst.** |
| **Laugard.** | **2.ágú** | **Kl. 11-12** | **Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa** | **1 klst.** |
| | | **Kl. 14-16** | **Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Hellnar-Arnarstapi** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **3.ágú** | **Kl. 14-16** | **Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir** | **1-2 klst.** |
| **Þriðjud.** | **5.ágú** | **Kl. 14-15** | **Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalþúfa-Lóndrangar** | **1 klst.** |
| **Fimmtud.** | **7.ágú** | **Kl. 14-16** | **Verbúðalíf – Gönguferð Djúpalónssandur-Dritvík** | **2 klst.** |
| **Laugard.** | **9.ágú** | **Kl. 11-12** | **Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa** | **1 klst.** |
| | | **Kl. 14-16** | **Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Hellnar-Arnarstapi** | **2 klst.** |
| **Sunnud.** | **10.ágú** | **Kl. 14-16** | **Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir** | **1-2 klst.** |
| **Þriðjud.** | **12.ágú** | **Kl. 14-15** | **Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalþúfa-Lóndrangar** | **1 klst.** |
| **Fimmtud.** | **14.ágú** | **Kl. 14-16** | **Verbúðalíf – Gönguferð Djúpalónssandur-Dritvík** | **2 klst.** |
| **Laugard.** | **16.ágú** | **Kl. 11-17** | **Strandganga. Fjörulíf og saga. Djúpalónssandur-Sunneva** | **5-6 klst.** |

**Tökum ekkert nema myndir og minningar,**
**skiljum ekkert eftir nema létt fótspor okkar!**